

Stjórnartíðindi

06 102

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Stjórnartíðindi
kt. 630269-2029
Sölvhólsgrötu 7, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Stjórnartíðindi er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérлага. Hlutverk Stjórnartíðinda er að birta öll lög, stjórnvaldsfyrirmæli og samninga við önnur ríki, svo og auglýsingar varðandi gildi þeirra.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 40,6 milljónir og afkoma kr. 3,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -12,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 18,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Stjórnartíðinda í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Stjórnartíðinda fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Pétur U. Fenger,
skrifstofustjóri dómsmálaráðuneytisins

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	0	100.000
Aðrar tekjur	3	40.120.890	33.284.552
Vörusala		500.000	154.000
Tekjur samtals		40.620.890	33.538.552
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	25.962.553	29.829.122
Annar rekstrarkostnaður	5	10.719.174	11.158.046
Gjöld samtals		36.681.727	40.987.168
Afkoma fyrir fjármagnsliði		3.939.163	(7.448.616)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(1.432)	0
		(1.432)	0
Afkoma ársins		3.937.731	(7.448.616)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		2.727.188	17.335.327
Tengdir aðilar	6	<u>16.219.891</u>	<u>0</u>
Veltufjármunir samtals		<u>18.947.079</u>	<u>17.335.327</u>
Eignir samtals		<u>18.947.079</u>	<u>17.335.327</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	7		
Hrein eign		<u>(12.886.376)</u>	<u>(16.824.107)</u>
Eigið fé samtals		<u>(12.886.376)</u>	<u>(16.824.107)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	6	26.614.046	28.822.823
Viðskiptaskuldir		135.361	199.873
Ýmsar skammtímaskuldir	8	<u>5.084.048</u>	<u>5.136.738</u>
Skuldir samtals		<u>31.833.455</u>	<u>34.159.434</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>18.947.079</u>	<u>17.335.327</u>
Aðrar upplýsingar	9		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		3.937.731	(7.448.616)
		<u>3.937.731</u>	<u>(7.448.616)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		14.608.139	17.549.493
Tengdir aðilar		(18.428.668)	(10.508.870)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(117.202)	407.993
		<u>(3.937.731)</u>	<u>7.448.616</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		0	0
Handbært fé í byrjun árs		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af auglýsingatekjum í Stjórnartíðindum.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	0	100.000
	<u>0</u>	<u>100.000</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að fráðregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	0	0	0	0
Fjárveiting til tekna	0	0	0	0
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að fráðregnum sértekjum	3.937.731	0	0	3.937.731
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	3.937.731	0	0	3.937.731

	2020	2019
3 Aðrar tekjur		
Sala á vöru og þjónustu	40.120.890	33.284.552
	<u>40.120.890</u>	<u>33.284.552</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	21.127.349	23.859.343
Orlof, breyting	(52.690)	337.359
Launatengd gjöld	4.822.790	5.466.397
Starfsmannakostnaður	65.104	166.023
	<u>25.962.553</u>	<u>29.829.122</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	2,0	2,6

5 Annar rekstrarkostnaður

Sérfræðiþjónusta	257.632	644.081
Afnotagjöld	1.559.942	1.874.121
Kostnaðarhlutdeild	8.901.600	8.639.844
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>10.719.174</u>	<u>11.158.046</u>

6 Tengdir aðilar

	31.12.2020	31.12.2019
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	26.614.046	28.822.823
	<u>26.614.046</u>	<u>28.822.823</u>

Skýringar

7 Eigið fé

	31.12.2020	31.12.2019
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(16.824.107)	(9.375.491)
Afkoma ársins	3.937.731	(7.448.616)
Jöfnuður 31.12.	<u>(12.886.376)</u>	<u>(16.824.107)</u>

Ráðstöðfun afkomu ársins og yfirlæsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

8 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Ógreitt orlof	5.084.048	5.136.738
	<u>5.084.048</u>	<u>5.136.738</u>

9 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur ekki gert skuldbindandi samninga 31.12.2020.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.